

## Fundargerð

Þriðjudaginn 24. febrúar 2009 kl. 10:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, Jón Gíslason, Valgeir Karlsson og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

#### 1. Atvinnumál

- a) netþjónabú
- b) áburðarframleiðsla

#### 2. Framkvæmdir við Kvennaskólann

#### 3. Háskólasetur á Blönduósi

#### 4. Erindi frá Agli Steingrímssyni dags. 13. janúar 2009

#### 5. Erindi frá Hans Vilberg dags. 12. febrúar 2009

#### 6. Ábraut 33

#### 7. Ræstingar í Kvennaskólanum

#### 8. Leiga á skrifstofuhúsnæði

#### 9. Textílsetrið og afnot þess af rými Kvennaskólans

#### 10. Önnur mál

### Afgreiðslur:

#### 1. Atvinnumál

Undir þessum lið var Jóhannes Geir Sigurgeirsson í símasambandi við fundarmenn.

##### a) netþjónabú

Jóhannes Geir fór yfir stöðu mála. Greenstone hefur fækkað sveitarfélögum sem koma til greina fyrir staðsetningu á netþjónabúi. Nú er horft til fjögurra sveitarfélaga þar á meðal er Austur-Húnavatnssýsla. Horft er til netþjónabús af stærðargráðunni 5000 fm og 6-10 MW. Jóhannesi Geir falið að vinna frekar í málinu.

##### b) áburðarframleiðsla

Jóhannes Geir fór yfir stöðu mála. Lögð voru fram drög að skýrslu um mögulega uppbyggingu áburðarframleiðslu. Þar kemur fram að samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu yrði erfið.

#### 2. Framkvæmdir við Kvennaskólann

Miklar umræður urðu um framkvæmdir við Kvennaskólann.

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Línuhönnun og kanna aðra mögulega verkþætti s.s. skólp og brunavarnir og röksemdir með þeirri forgangsroðun sem lagt var upp með í upphafi.

# Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

---

### 3. Háskólasetur á Blönduósi

Framkvæmdastjóri fór yfir væntanlegt samstarf Blönduóssbæjar og Háskólans á Hólum. Gert er ráð fyrir að sérfræðingarnir sem ráðnir verða munu hafa starfsaðstöðu í Kvennaskólanum.

### 4. Erindi frá Agli Steingrímssyni dags. 13. janúar 2009

Egill Steingrímsson mætti til fundarins og gerði grein fyrir erindi sínu.

Framkvæmdastjóra falið að fela fasteignasölu að vinna verðmat á fasteignununum að Árbraut 33, 35 og bílskúrum sem tilheyra eignunum.

### 5. Erindi frá Hans Vilberg dags. 12. febrúar 2009

Stjórnin samþykkir erindið.

Framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.

### 6. Árbraut 33

Árbraut 33 er að losna úr leigu.

Sjá lið 4.

### 7. Ræstingar í Kvennaskólanum

Framkvæmdastjóra falið að finna hentugt fyrirkomulag á ræstingum í Kvennaskólanum m.a. vegna aukinna umsvifa og kynna það á næsta fundi.

### 8. Leiga á skrifstofuhúsnæði

Héraðsnefndin hefur greitt leigu fyrir skrifstofuhúsnæði atvinnufulltrúa SSNV, sem í dag er með starfsaðstöðu hjá Blönduósbæ.

Framkvæmdastjóra falið að koma með drög að leigusamningi á næsta fund.

### 9. Textílsetrið og afnot þess af rými Kvennaskólans

Framkvæmdastjóri falið að koma með samantekt á öllum leigusamningum sem varða Kvennaskólann.

### 10. Önnur mál

Stjórnarmenn fóru og kynntu sér húsnæði Kvennaskólans sem og Árbrautar 35.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:10.